

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Deiliskipulag hafnar- og miðsvæðisins í Hrísey.*

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 6. júlí 2017 samþykkt deiliskipulag fyrir hafnar- og miðsvæði í Hrísey.

Skipulagssvæðið afmarkast af Norðurvegi og Austurvegi til norðausturs, af lóðarmörkum Austurvegar 6 og Austurvegar 8 til austurs, af strandlengjunni og höfninni til suðurs og vesturs og af lóðarmörkum Norðurvegar 28 til norðvesturs. Í skipulaginu er gert grein fyrir lóðamörkum, byggingarreitum og samgöngumálum. Gert er m.a. ráð fyrir uppbyggingu verslunar og þjónustu á miðsvæði.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi eldra deiliskipulag hafnarsvæðisins frá 1996.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 23. ágúst 2017,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. september 2017